



# RÍKISENDURSKOÐUN

Brietartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis Nefndasvið - Austurstræti 8-10 150 Reykjavík	Dagsetning 3. maí 2019	Tilvísun 19040049 11.01 GJJ/ih
---	---------------------------	---

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 46/2016 - mál nr. 803 – þskj. 1264.

## I.

### Almennt um frumvarpið

Framangreint frumvarp hefur að geyma nokkrar breytingar sem eru til þess fallnar að gera Ríkisendurskoðun auðveldara að rækja hlutverk sitt þ.e. að hafa eftirlit með fjárreiðum ríkisins, tekjum þess og gjöldum og gerð ríkisreikninga.

Við gildistöku laga nr. 142/2018 færðist innheimta opinberra gjalda á höfuðborgarsvæðinu og yfirstjórn innheimtu á landinu öllu til ríkisskattstjóra sem jafnframt er álagningaraðili. Visst öryggi var fólgið í því að tvær stofnanir skiptu á milli sín álagningarákvörðunum og innheimtunni en með nýrri skipan ber sami aðili ábyrgð á hvoru tveggja. Það að álagning og innheimta stærsta hluta opinberra gjalda sé á forræði eins aðila getur haft í för með sér aukna hættu á mistökum og misferli. Af þessu tilefni var nauðsynlegt að bregðast við. Tilgangur þess frumvarps sem hér er til umsagnar er m.a. að tryggja að eftirlit með tekjum hins opinbera geti verið skilvirkt og að brugðist sé við þeim breytingum sem löggjafinn hefur gert til að auka þjónustu við skattaðila með sameiningu innheimtu og álagningar opinberra gjalda.

Mestu máli skiptir að þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpinu gera Ríkisendurskoðun kleift að gera úttektir annars vegar á tekjum ríkisins og hins vegar á fjárhagskerfum stofnana, kannað skráðar ríkiseignir við gerð og endurskoðun ríkisreiknings – án þess að þær stofnanir sem annast skráarhald hefðu tekjur af slíkum úttektum embættisins. Vegna þess fyrra þótti ástæða til að lögfesta með skýrari hætti en verið hefur þær meginreglur að Ríkisendurskoðun hefði aðgang að öllum fjárhagsupplýsingum ríkisins og geti þannig staðreynt að tekjur séu rétt ákvarðaðar og innheimta þeirra væri í samræmi við gildandi lög.

## II.

### Athugasemdir við umsagnir ríkisskattstjóra og KPMG

1. Í umsögn ríkisskattstjóra felst misskilningur. Ríkisendurskoðun hefur hvorki í hyggju að framkvæma sérstakar keyrslur inni í kerfum ríkisskattstjóra né endurreikna álagningu opinberra gjalda. Engin efni eru til slíkra ályktana. Einnig er rétt að taka fram að endurskoðanir ríkisreikninga hafa í áratugi verið unnar rafrænt úr fjárhagskerfum ríkisins. en eru ekki byggðar á upplýsingum sem kallað er eftir frá einstökum embættum eftir sérstökum beiðnum. Það sem á hefur skort eru upplýsingar sem notaðar eru til að stemma af einstaka færslur sem og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að kanna réttmæti forsendna ýmissa vinnslu. Til að unnt sé að gera úttekt á útreikningum og álagningu, m.a. til að tryggja rétta virkni álagningarkerfa, þarf að liggja fyrir aðgangur að þeim forsendum sem notaðar eru við útreikning. Starfsmenn Ríkisendurskoðunar eru bundnir trúnaði lögum samkvæmt og þegar kannaðar eru fjárreiður ríkisins í einstökum færslum flyst trúnaður um gögn og upplýsingar frá starfsmönnum skráarhaldara til starfsmanna Ríkisendurskoðunar. Fyrir slíku eru skýr dómáfordæmi.

Vegna athugasemda ríkisskattstjóra um Límayfirlýsinguna þykir rétt að orðalag 20. gr. hennar komi fram hér:

*„Ríkisendurskoðanir skulu hafa heimild til þess að endurskoða skattheimtu eins ítarlega og hægt er, og þar með að skoða einstakar skattskýrslur.*

*Með skattaendurskoðun er fyrst og fremst verið að endurskoða með tilliti til laga og reglna, en þegar verið er að skoða framkvæmd skattalaga, skulu ríkisendurskoðanir einnig rannsaka árangur og skipulag skattheimtu og hvort tekjuáætlanir hafi staðist og, ef viðeigandi er, gera tillögur um úrbætur til löggjafans.“*



# RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

2. Í umsögn KPMG er talið að lagafrumvarpið vegi að skattyfirvöldum. Svo er ekki enda er sérstaklega tekið fram í greinargerð að ákvæðið taki ekki til einstakra skattávarðana og því ekki tilefni til slíkra ályktana. Markmiðið með frumvarpinu er að horfa til þess hvort aðvinstök eða misferli eigi sér stað í vinnslum, svo unnt sé að taka á slíku tímanlega. Það að eftirlit sé haft með álagningu og innheimtu skatta felur ekki í sér vantraust á skattyfirvöld heldur er það í þágu allra landsmanna og lögaðila að fylgst sé með því að álagning ríkis- og sveitarfélagatekna og innheimta þeirra sé í samræmi við gildandi lög. Aðgangur að eignaskrá ríkisins m.a. fasteignaskrá og bifreiðaskrá er til þess að geta endurskoðað eignasafn ríkisins en ekki til að fylgjast með landsmönnum, enda eingöngu verið að kanna eignir sem eru í eigu eða á vegum ríkisins. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að valdheimild ríkisendurskoðanda lýtur eingöngu að fjárreiðum ríkisins.

Loks er í umsögn KPMG lagst gegn því að ríkisendurskoðandi geti skoðað bókhald þeirra aðila sem sækja um endurgreiðslur úr ríkissjóði. Af þessu tilefni skal upplýst að Atvinnuvegaráðuneytið hefur nýlega vísað til ríkisendurskoðanda máli er varðar rökstuddan grun um að verið sé að svíkja fé út úr ríkissjóði, í formi endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar. Málið er nú til athugunar hjá embættinu og þá kemur í ljós að ekki er unnt að sannreyna hvort grunur sé á rökum reistur þar sem ekki er fyrir hendi lagaheimild fyrir ríkisendurskoðanda til að kalla eftir bókhaldi og bókhaldsgögnum hjá umsækjendum. Umsóknargögnin sjálf varpa ekki ljósi á hvort færslur séu bakfærðar með kreditreikningum og því er í slíkum tilfellum aðgangur að öllu bókhaldinu nauðsynlegur.

### III.

#### Lokaorð

Með vísan til frumvarpsins í heild og framanritaðra athugasemda gerir ríkisendurskoðandi engar athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir og mælir með samþykkt þess.

Virðingarfyllst,